

L Ö G

um

13
6. júlí

breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að allur útfluttur fiskur
til þessara landa verði bundinn í bagga og hafður í hæfilegum umbúðum, að
dómi matsmanna, hvort heldur hann er fluttur beint frá Íslandi eða um önnur
lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

S. Kristínsson.